

Niðurstöður aðalfundar Haga hf. 30. maí 2024

Meðfylgjandi má sjá niðurstöður aðalfundar Haga hf. sem haldinn var á Hilton Reykjavík Nordica þann 30. maí 2024. Fundurinn hófst kl. 15:00. Tillögur fundarins voru samþykktar svohljóðandi:

1) Ársreikningur (dagskrárliður 2)

Ársreikningur félagsins fyrir liðið starfsár, ásamt skýrslu endurskoðanda, var lagður fram og samþykktur samhljóða.

2) Ráðstöfun hagnaðar (dagskrárliður 3)

Tillaga stjórnar Haga hf. um greiðslu arðs sem nemur 50,0% hagnaðar ársins, eða 2,33 krónur á hlut útistandandi hlutafjár, samtals 2.522 milljónir króna, var samþykkt samhljóða. Arðsréttindadagur verður 3. júní 2024, arðleysisdagur 31. maí 2024 og arðgreiðsludagur 7. júní 2024.

3) Þóknun til stjórnarmanna og undirnefnda (dagskrárliður 4)

Tillaga stjórnar Haga hf. um 3,25% hækkun stjórnarlauna var samþykkt, þ.e. stjórnarformaður fær greitt kr. 798.000,- á mánuði, varaformaður kr. 587.000,- á mánuði og stjórnarmenn kr. 399.000,- á mánuði. Samþykkt var að laun í undirnefndum stjórnar verði óbreytt, eða kr. 90.000,- á mánuði og að laun formanns verði tvöföld upphæð. Þá var samþykkt að nefndarmönnum tilnefningarnefndar verði greitt skv. reikningi 25 þús. kr. pr./klst.

4) Starfskjarastefna og kaupréttarkerfi (dagskrárliður 5)

Tillaga stjórnar um breytta starfskjarastefnu var samþykkt samhljóða. Afgreiðslu tillögu stjórnar um kaupréttarkerfi var frestað til afgreiðslu síðar á hluthafafundi eða aðalfundi.

5) Breyting á starfsreglum tilnefningarnefndar (dagskrárliður 6)

Tillaga stjórnar að breytingu á grein 4.5. og 6.1. í starfsreglum tilnefningarnefndar var samþykkt.

6) Kosning fulltrúa í tilnefningarnefnd (dagskrárliður 7)

Samþykkt var samhljóða tillaga stjórnar Haga að þrjú eftirtaldir fulltrúar verði kjörnir í tilnefningarnefnd félagsins.

- Björg Sigurðardóttir, endurskoðandi
- Björn Ágúst Björnsson, verkfræðingur
- Kristjana Milla Snorradóttir, mannauðsstjóri

7) Kosning stjórnar og endurskoðanda (dagskrárliður 8)

Eftirtaldir aðilar voru kosnir í stjórn félagsins til næsta aðalfundar:

- Davíð Harðarson, f. 1976
- Eiríkur S. Jóhannsson, f. 1968
- Eva Bryndís Helgadóttir, f. 1972
- Jensína Kristín Böðvarsdóttir, f. 1969
- Sigríður Olgeirsdóttir, f. 1960

Fimm voru í framboði til stjórnar félagsins og var því sjálfkjörið. Allir frambjóðendur skipuðu áður stjórn félagsins.

Samþykkt var samhljóða að endurskoðunarskrifstofan PricewaterhouseCoopers ehf., kt. 690681-0139, verði endurskoðandi félagsins fyrir komandi rekstrarár.

8) Kosning um utanaðkomandi nefndarmann í endurskoðunarnefnd (dagskrárliður 9)

Fyrir aðalfundi lá tillaga frá stjórn Haga hf. um að Hannes Ágúst Jóhannesson, löggiltur endurskoðandi, yrði kosinn sem utanaðkomandi nefndarmaður í endurskoðunarnefnd. Var tillaga stjórnar samþykkt samhljóða.

9) Ákvörðun um heimild stjórnar til kaupa á eigin bréfum (dagskrárliður 10)

Fyrir aðalfundi lá tillaga frá stjórn Haga hf. um að félaginu verði heimilt að kaupa á næstu 18 mánuðum allt að 10% af heildarhlutafé félagsins, í þeim tilgangi að koma á viðskiptavakt með hluti í félaginu í skilningi laga um markaði fyrir fjármálagerninga eða vegna endurkaupaáætlana eða verðjöfnunar í skilningi reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 596/2014, um markaðssvik, sbr. lög um aðgerðir gegn markaðssvikum. Tillagan var samþykkt samhljóða.